

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Laugarvatn, þéttbýli.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til stækkunar lóðar Hverabrautar 3 á Laugarvatni. Samhliða er gert ráð fyrir að lóðir 5 og 15 falli niður innan skipulags. Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. september 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. september 2023